



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 30/2009

Auglýsingar Olíuverslunar Íslands hf. með fullyrðingum um fimm króna afslátt af eldsneytisverði fyrir Staðgreiðslukorthafa Olís

I.

Málsmeðferð

1.

Með bréfi Neytendastofu til Olíuverslunar Íslands hf., dags. 29. október 2009, óskaði stofnunin eftir skýringum félagsins á auglýsingum Olís, sem rekið er af Olíuverslun Íslands, vegna vetrartilboðs til Staðgreiðslukorthafa. Í auglýsingunum komi fram að korthöfum séu veittur fimm króna afsláttur af verði hvers eldsneytislítra en í ábendingum sem stofnuninni hafi borist vegna þeirra komi fram að veittur afsláttur séu þrjár krónur auk þess sem korthafar geti safnað vildarpunktum.

Með bréfinu óskaði Neytendastofa því eftir skýringum Olís á því hvernig söfnun vildarpunkta á Staðgreiðslukorti væri háttað og hvort söfnunin væri háð skilyrðum.

Í bréfinu kom einnig fram það mat Neytendastofu að ákvæði 5. gr., 8. gr., d. liðar 1. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 9. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu gætu komið til álita í málinu.

2.

Svar Olís barst Neytendastofu með bréfi, dags. 4. nóvember 2009. Í bréfinu kemur fram að seinni hluta árs 2008 hafi Olís sett Staðgreiðslukort á markað til að koma til móts við þá aðila sem ávallt vilji staðgreiða vörur sínar og njóta afsláttarkjara.

Allir sem sækja um Staðgreiðslukort gerist sjálfkrafa meðlimir í Vildarklúbbi Icelandair. Þeir viðskiptavinir sem noti Staðgreiðslukortið á Olís stöðvum fá strax þrjár krónur í afslátt af eldsneytislítranum og 5% af öðrum vörum, að undanskildu tóbaki, símkortum, tímaritum og happdrætti. Í vetrartilboði sé síðan veittur 20-25% afsláttur af ákveðnum vörum sem tilgreindar séu í auglýsingu.



Vildarpunktasöfnun Icelandair sé eins og fram komi í auglýsingum 1,5% af söluverði og sé það án skilyrða en í auglýsingunum sé það rúnað af sem tvær krónur. Ef miðað sé við verð á bensíni í sjálfsafgreiðslu hjá Olís, þann 29. október 2009, sé verðmæti vildarpunktanna 2,82 kr. Verð á eldsneytislítra hafi verið 191 kr. frá því séu dregnar þrjár krónur í afslátt vegna Staðgreiðslukorts. 1,5% vildarpunktar reiknist því af 188 kr. og séu það 2,82 kr.

Vildarpunktana sé síðar hægt að nota hjá Vildarklúbbi Icelandair við kaup á flugferðum, hótलगistingu, bílaleigu eða skipta þeim út fyrir gjafabréf.

II. Niðurstaða

1.

Í máli þessu kemur fram að Olís hafi auglýst fimm króna afslátt af eldsneytislítra fyrir viðskiptavinum með Staðgreiðslukort Olís þegar afsláttur er hins vegar þrjár krónur auk vildarpunkta Icelandair sem nemi 1,5% af verðinu.

Af hálfu Olís hefur verið á það bent að allir viðskiptavinir sem eru með Staðgreiðslukort Olís skráist sjálfkrafa í Vildarklúbb Icelandair og byrji því að safna vildarpunktum af kaupum á eldsneyti og vörum hjá Olís sem greitt er fyrir með Staðgreiðslukortinu. Viðskiptavinir fái því auk þriggja króna afsláttar af verði hvers eldsneytislítra vildarpunkta sem nemi 1,5% af verðinu.

2.

Í bréfi Neytendastofu, dags. 29. október 2009, er vísað til ákvæða 5. gr., 8. gr., d. liðar 1. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 9. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Í 5. gr. laga nr. 57/2005 er lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Ákvæði 1. mgr. 8. gr. laga nr. 57/2005 er svohljóðandi:

„Viðskiptahættir eru óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raska verulega eða eru líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Viðskiptahættir sem brjóta í bága við ákvæði kafla þessa eru alltaf óréttmætir.“



Ákvæðinu er, skv. umfjöllun í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 50/2008, ætlað að taka til viðskiptahátta sem hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti. Við mat á því hvort um óréttmæta viðskiptahætti sé að ræða skv. ákvæðinu er litið til þess hvort háttsemin geri það að verkum að hinn almenni neytandi taki ákvörðun um að eiga viðskipti sem hann hefði ella ekki tekið og raski þar með fjárhagslegum hagsmunum hans eða hafi áhrif á fjárhagslega hegðun.

Í 9. gr. laganna er um það fjallað að viðskiptahættir teljist villandi ef þeir séu líklegir til að blekkja neytendur, t.d. með almennri framsetningu þó gefnar séu upp réttar staðreyndir, eða ef neytendum eru veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að eiga viðskipti. Í a.–g. lið málsgreinarinnar eru tilgreindar þær röngu upplýsingar sem átt er við og í d. lið segir:

„verð vöru eða þjónustu eða aðferð við útreikning á verði og hvort um sértíloboð eða annað verðhagræði sé að ræða og hvort það sé háð skilyrðum, [...]“

Þá segir í 2. mgr. 9. gr. laganna:

„Viðskiptahættir eru villandi ef ekki er greint frá upplýsingum sem telja má að almennt skipti máli fyrir neytendur eða þeim er leynt og þær eru til þess fallnar að hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti.“

Skv. ákvæðinu teljast viðskiptahættir villandi ef fyrirtæki leynir upplýsingum sem skipta máli við ákvörðun um að eiga viðskipti eða þær eru veittar á óljósan eða margræðan hátt. Í greinargerð með ákvæðinu kemur fram að hafa megi þau atriði til hliðsjónar sem tilgreind eru í 1. mgr.

3.

Undanfarið hefur tíðkast að fyrirtæki sem selja bifreiðaeldsneyti bjóða viðskiptavinum sínum upp á ýmsar áskriftarleiðir, s.s. í formi sérstakra greiðslukorta eða lykla. Með áskriftarleiðunum eru viðskiptavinum boðinn afsláttur sem kynntur er sem fjöldi króna í afslátt af hverjum lítra eldsneytis eða söfnun fríðinda s.s. í formi punkta. Í umræddum auglýsingum er kynnt áskriftarleið þar sem viðskiptavinir geta hvoru tveggja fengið afslátt af eldsneytisverði og safnað punktum, auk þess sem kortið veitir viðskiptavininum nánar tilgreindan prósentuafslátt af ýmsum vörum og þjónustu sem Olís býður.

Viðskiptavinir Olís sem safna vildarpunktum við kaup á eldsneyti eða öðrum vörum hjá félaginu geta nýtt vildarpunktana til kaupa á þjónustu frá Icelandair, þ.e. flugmiðum, hóteli eða bílaleigubílum. Í auglýsingum Olís kemur fram að um sé að ræða þriggja króna afslátt og söfnun vildarpunkta sem nemi 1,5% af verði eldsneytisins en að mati Neytendastofu ber fullyrðing um



fimm króna afslátt hins vegar með sér að í hvert skipti sem viðskiptavinur með Staðgreiðslukort Olís kaupir eldsneyti lækki dæluverð um fimm krónur á hvern lítra.

Að mati Neytendastofu er fullyrðingin villandi gagnvart neytendum enda ekki um raunverulega fimm króna lækkun á verði eldsneytislítra að ræða heldur þriggja króna lækkun og söfnun vildarpunkta. Stofnunin telur fullyrðinguna því til þess fallna að hafa áhrif á fjárhagslega hegðun neytenda, sbr. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 57/2005, og veita neytendum villandi upplýsingar um verð vörunnar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að eiga viðskipti, sbr. d. liður 1. mgr. 9. gr. laganna. Viðskiptahættir sem brjóta gegn ákvæðum III. kafla laga nr. 57/2005 eru einnig brot gegn ákvæðum 5. gr. laganna.

Með vísan til alls framangreinds brjóta auglýsingar Olís um vetrartilboð til Staðgreiðslukorthafa Olís þar sem fullyrt er að veittur sé fimm króna afsláttur, sem felur í sér þriggja króna afslátt af verði hvers eldsneytislítra og söfnun vildarpunkta, gegn ákvæðum 5. gr., 1. mgr. 8. gr., d. liðar 1. mgr. 9. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu er Olís bannað að birta auglýsingar um fimm króna afslátt af eldsneytisverði þegar hluti afsláttarins felst í söfnun vildarpunkta.

Bannið tekur gildi einni viku frá birtingu ákvörðunar þessarar.



III.

Ákvörðunarorð:

„Olíuverslun Íslands hf., Sundagörðum 2, Reykjavík, hefur brotið gegn ákvæðum 5. gr., 1. mgr. 8. gr. og d. liðar 1. mgr. 9. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu með birtingu auglýsinga þar sem fullyrt er að veittur sé fimm króna afsláttur af verði hvers eldsneytislíttra fyrir viðskiptavini með Staðgreiðslukort Olís, þar sem um er að ræða þriggja króna afslátt og söfnun vildarpunkta.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu er Olíuverslun Íslands hf. bönnuð birting auglýsinganna.

Bannið tekur gildi einni viku frá birtingu ákvörðunar þessarar.“

Neytendastofa, 12. nóvember 2009

Tryggvi Axelsson
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir